

Vinna samstarfsnefndar

- Sameining Helgafellssveitar og Stykkishólmsbæjar –

Jakob Björgvin Jakobsson, formaður samstarfnefndar

14. mars 2022

Ákvörðun um að kanna möguleika á sameiningu í desember

Ákvörðun um að kanna möguleika á sameiningu í desember

Verið að færa ákvörðunarvald um sameiningu þessara sveitarfélaga til íbúanna

Sveitarfélögin að skuldbinda sig til þess að

- undirbúa kosninguna,
- kynna tillögu sína fyrir íbúum og
- skila áliti til sveita- og bæjarstjórna sveitarfélaganna.

Skipuð samstarfsnefnd

Helgafellssveit:

- Guðrún Karólína Reynisdóttir
- Karin Rut Bæringsdóttir
- Guðlaug Sigurðardóttir
- Guðmundur Helgi Hjartarson
- Sif Matthíasdóttir

Stykkishólmsbær:

- Hrafnhildur Hallvarðsdóttir
- Steinunn Ingibjörg Magnúsdóttir
- Haukur Garðason
- Lárus Ástmar Hannesson
- Jakob Björgvin Jakobsson (formaður)

Samráðsfundir um sameininguna haldnir í desember

Samráðsfundir í hvoru sveitarfélagi í desember

- Samráðsfundur fyrir íbúa Helgafellssveitar var haldinn af samstarfsnefnd um sameiningu Helgafellssveitar og Stykkishólmsbæjar föstudaginn 17. desember 2021
- Opinn rafrænn samráðsfundur haldinn af samstarfsnefnd um sameiningu Helgafellssveitar og Stykkishólmsbæjar þriðjudaginn 21. desember sl. fyrir íbúa Stykkishólms.

Markmið fundanna var að kynna verkefnið sem liggur fyrir sveitarfélögunum og heyra spurningar, ábendingar og sjónarmið íbúa áður en lengra er haldið.

Þátttakendur á samráðsfundum sáu ýmis tækifæri við sameiningu sveitarfélaganna, en jafnframt miklar áskoranir.

Álit samstarfnefndar

Afgreiddi álit sitt og helstu forsendur fyrir sameiningunni í janúar

Í álit kom m.a. fram.

- Sveitarfélögin tvö hafa átt í farsælu samstarfi til áratuga og að með sameiningu þeirra gætu skapast tækifæri til skilvirkari og markvissari stjórnsýslu og þjónustu auk þess sem aðgengi íbúa að þjónustu verði jafnara með áherslu á aukna þjónustu við dreifbýlið.
- Tækifæri fyrir hendi til frekari atvinnuþróunar og nýsköpunar í sameinuðu sveitarfélagi enda eru tækifæri til þess að sameiginlegt sveitarfélag geti betur skapað heildstætt og kröftugt umhverfi á öllu svæðinu fyrir öflugt atvinnulíf og aukna samvinnu.

Sterkari saman

Aukið svigrúm til fjárfestinga í sameinuðu sveitarfélagi

Dreifbýlisráð

Samstarf samstarfnefndar

Samstarfnefndin hefur haldið 14 fundi

Samstíga í ákvörðunum og áherslum

Fundað m.a. með

- innviðaráðherra
- heilbrigðisráðherra
- háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra

Þá hefur samstarfnefndin fundað með fulltrúum Vegagerðarinnar og starfsfólki sveitarfélaganna.

Samstarfsnefndin hefur sett fram þær sameiginlegu áherslur sem nefndin telur að skipti máli í þessum viðræðum.



Breiðfirðingar

Kynning á tillögu um sameiningu Helgafellssveitar og
Stykkishólmsbæjar

14. mars 2022


Róbert Ragnarsson

Freyja Sigurgeirsdóttir




Samráð við íbúa

- Fulltrúar í samstarfsnefnd og verkefnisstjóri verða til svara eftir kynningu.
- Hægt er að senda inn spurningar og ábendingar rafrænt, eða biðja um orðið og taka til máls.
- Vinsamlegast farið inn á www.menti.com í símanum ykkar eða í tölvunni og sláið inn kóðann: **1576 0889**
- Hægt er að „líka“ við spurningar sem þykja góðar.
- Algengustu spurningum verður svarað fyrst.



Vefsíða samstarfsverkefnisins



Helgafellssveit.is

Vefsíðan helgafellssveit.is var stofnuð við upphaf verkefnisins.

Á vefsíðunni má nálgast upplýsingar um sameiningu sveitarfélaga, minnisblöð samstarfsnefndarinnar og aðrar fréttir tengdar verkefninu.

Lágmarksíbúafjöldi 250 manns eftir kosningar

Breytingar á sveitarstjórnarlögum samþykktar á Alþingi 25. júní 2021.

Ef íbúafjöldi sveitarfélags er undir 250 íbúum eftir sveitarstjórnarkosningar 2022, eða 1.000 íbúum við sveitarstjórnarkosningar 2026 skal sveitarstjórn velja hvort,

- a) hafnar verði formlegar sameiningarviðræður á grundvelli 119. gr.
- b) Eða unnið verði álit um stöðu sveitarfélagsins, getu þess til að sinna lögbundnum verkefnum og um þau tækifæri sem felast í mögulegum kostum sameiningar sveitarfélagsins við annað eða önnur sveitarfélög.

Í álitinu skal m.a. fjalla um fjárhagslega og félagslega þætti sveitarfélagsins, íbúaþróun, þjónustu sveitarfélagsins og aðrar samfélagslegar aðstæður.

10% íbúa geta kallað fram kosningu um sameiningarviðræður.

Skipulag verkefnisins

Málaflokkar

Samstarfsnefndin lagði sérstakt mat á ákveðna málaflokka sem teknir voru fyrir á fundum nefndarinnar með aðkomu starfsmanna.

Lagt var mat á núverandi stöðu sveitarfélaganna og möguleg áhrif sameiningar.

Framtíðarsýn, tækifæri og áskoranir í málaflokkunum voru einnig rædd.

Niðurstöður nefndarinnar voru færðar í minnisblöð sem eru aðgengileg á www.helgafellssveit.is

Fjallað verður um hvern málaflokk fyrir sig hér á eftir.

Samstarfsnefndin

Helgafellssveit

- Guðlaug Sigurðardóttir
- Guðmundur H. Hjartarson
- Guðrún Reynisdóttir
- Karín Rut Bæringsdóttir
- Sif Matthíasdóttir

Stykkishólmur

- Haukur Garðarsson
- Hrafnhildur Hallvarðsdóttir
- Jakob Björgvin Jakobsson, formaður
- Lárus Hannesson
- Steinunn Ingibjörg Magnúsdóttir

Tímalína og vörður



Stjórnsýsla

Framtíðarsýn í stjórnsýslu

Ný stjórnsýslueining
verður til sem tekur
ákvarðanir um réttindi,
skyldur og þjónustu við
íbúa

Áhersla á að tryggja aðkomu og áhrif íbúa í dreifbýli.

- Samstarfsnefndin leggur til að komið verði á fót sérstöku dreifbýlisráði til að tryggja áhrif íbúa í dreifbýli sem skipað verður þremur aðilum.
 - Einn kjörinn aðalmaður úr sveitarstjórn og tveir kosnir beinni kosningu af íbúum dreifbýlis.
 - Getur vísað málum á dagskrá sveitarstjórnar.

Brunavarnaráætlun verði endurskoðuð.

- Samstarfsnefndin leggur til, verði af sameiningu sveitarfélaganna, að ný sveitarstjórn endurskoði Brunavarnaráætlun með tilliti til tækifæra til úrbóta í dreifbýli.
 - Í dreifbýli er alltaf áskorun að nálgast vatn.
 - Til framtíðar er æskilegt að leggja mat á hvort og hversu marga brunahana er nauðsynlegt að setja upp í dreifbýli.

Sveitarstjórnir og nefndir

Lagt er upp með að í sameinuðu sveitarfélagi verði samþykkt um stjórn og fundarsköp Stykkishólmsbæjar nýtt sem grunnur að samþykkt sameinaðs sveitarfélags.

- Helgafellssveit hefur ekki sett sér samþykkt um stjórn og fundarsköp.
- Sjö fulltrúar verði í bæjarstjórn.

Fastanefndir verði:

- Bæjarráð
- Dreifbýlisráð
- Atvinnu- og nýsköpunarnefnd
- Skipulagsnefnd
- Skóla- og fræðslunefnd
- Umhverfis- og náttúruverndarnefnd
- Æskulýðs- og íþróttarnefnd
- Safna- og menningarmálanefnd
- Hafnarstjórn
- Kjörstjórn
- Landbúnaðarnefnd

Tillaga að verkefnum dreifbýlisráðs:

- Þau verkefni sem sveitarstjórn felur því innan staðarmarka þess.
- Heimild til að vísa málum á dagskrá sveitarstjórnarfundar.
- Fær til umsagnar tillögur um breytingar á aðalskipulagi sveitarfélagsins, innan staðarmarka þess.
- Veitir umsagnir samkvæmt 13., 15. og 17. gr. jarðalaga nr. 81/2004, varðandi landskipti, sameiningu jarða og umsókn um lögbýlisrétt.
- Situr í stjórn félagsheimilisins Skjaldar fyrir hönd sveitarfélagsins og stuðlar að menningarstarfi í húsinu.
- Fær til umsagnar fjárhagsáætlun áður en hún er tekin til umræðu í sveitarstjórn.
- Komi til frekari sameiningarviðræðna skal fulltrúi dreifbýlisráðs eiga sæti í samstarfsnefnd.
- Er málsvari íbúa í dreifbýli gagnvart sveitarstjórn og veitir umsagnir um málefni dreifbýlisins.

Fræðslu-, frístunda og tómstundapjónusta

Framtíðarsýn í fræðslumálum, frístundum og málefnum eldra fólks

Viðbygging grunnskólans ætti að vera í forgangi í uppbyggingaráætlun sameinaðs sveitarfélags, að mati samstarfsnefndar.

Félagsmiðstöð eða önnur aðstaða tryggð fyrir nemendur í 5.-10. bekk til 16:00 virka daga.

- Starfsmaður væri þar til staðar sem hefði eftirlit og jafnframt sinni öðrum störfum.

Ábendingar í skólastefnu hvað varðar húsnæðismál skólanna.

- Sameiningarframlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga gera sameinuðu sveitarfélagi kleift að fara hraðar í slíkar framkvæmdir.
- Með viðbyggingu við grunnskólann er hægt að leysa húsnæðismál skólans en að auki koma Tónlistarskóla Stykkishólms og X-inu í nýja viðbyggingu.
- Þar með yrði allt skóla-, frístunda- og tómstundarstarf komið á sama stað.

Starfshópur vinnur að stefnumörkun í málefnum 60 ára og eldri.

- Uppbygging hjúkrunarheimilis er hafin í samstarfi við ríkið.
- Áform um að koma upp miðstöð eldri borgara sem skapa tækifæri til samþættingar á félags- og heilbrigðisþjónustu.
- Verði af sameiningu sveitarfélaganna munu íbúar Helgafellssveitar hafa sama aðgang og íbúar Stykkishólmsbæjar að þjónustunni.

Orka, fjarskipti, skipulag og umhverfi

Framtíðarsýn í orku, fjarskiptum, skipulagi og umhverfi

Skipulagsmál verði einfaldari í umsýslu og tækifæri til að samræma innviði og áherslur

- Skipulagsnefnd taki yfir hlutverk núverandi nefnda.
- Samræma þarf áherslur í aðalskipulögum sveitarfélaganna og tækifæri eru til samlegðaráhrifa, komi til sameiningar sveitarfélaganna.
- Ekki verði starfandi byggingarnefnd heldur mun byggingarfulltrúi halda afgreiðslufundi líkt og gert er í Stykkishólmsbæ.
- Stykkishólmsbær er með byggingargátt í notkun sem einfaldar umsýslu og umsóknarferli byggingarleyfisumsókna.
 - Íbúar Helgafellssveitar munu fá aðgang að kerfinu og þar með betra utanumhald um umsóknir, aðgengi að gögnum og upplýsingum með rafrænum hætti, verði sameiningin samþykkt.

Framtíðarsýn í orku, fjarskiptum, skipulagi og umhverfi

Breytingar á sorphirðu
vegna lagabreytinga.
Snjómokstur og hreinsun
rotpróa með
sambærilegum hætti

- Breytingar verða á fyrirkomulagi sorphirðu árið 2023 vegna lagabreytinga
- Að öðru leyti er ekki að sjá að sameining sveitarfélaganna hafi í för með sér breytingar í málaflokknum, að mati samstarfsnefndarinnar.
- Íbúar beggja sveitarfélaga fá aðgengi að gámastöð til jafns.
- Samstarfsnefnd leggur til að reglur um snjómokstur í dreifbýli útfærður í samráði við dreifbýlisráð.
 - sambærileg sveitarfélög, t.d. í Dalabyggð og Borgarbyggð

Áherslur gagnvart ríki og þingi

Atvinnuþróun

Þekkingar- og rannsóknarsetur við Breiðafjörð

Meginmarkmið þekkingar- og rannsóknarsetursins verði að stuðla að auknu klasasamstarfi einstaklinga, atvinnulífs, stofnana og opinberra aðila.

- Stuðla að jákvæðri samfélags- og byggðaþróun á svæðinu.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar kemur m.a. fram að stutt verði við þekkingarmiðstöðvar, rannsóknarsetur á landsbyggðinni, náttúrustofur og fjarheilbrigðisþjónustu í smærri byggðalögum.

- Tillagan um þekkingar- og rannsóknarsetur á sér stoð í ofangreindan stjórnarsáttmála og samræmist auk þess markmiðum stjórnvalda í loftlagsmálum, matvælastefnu, fæðuöryggisstefnu og heimsmarkmiðum SP um sjálfbæra þróun.

Samstarfsnefnd fer fram á sambærilegan stuðning og hefur verið veittur annarsstaðar á landinu.

Samgöngumál

Bæta þarf samgöngumál
á svæðinu

Skógarstrandarvegur er forgangsverkefni

- Er á fyrsta áfanga Samgönguáætlunar en samstarfsnefndin leggur áherslu á að fjármagn fylgi þeim áfanga
- Hanna þarf leiðina frá Bíldhól að Stykkishólmsvegi
- Að mati samstarfsnefndar ætti fyrsti áfangi framkvæmda að vera í Helgafellssveit og bæta þar með samgöngur innan mögulega sameinaðs sveitarfélags.

Auka þarf fjármagn í uppbyggingu og bundið slitlag á héraðs- og tengivegi í Helgafellssveit.

Breiðafjarðarferjan Baldur

- Nauðsynlegt er að endurnýja ferjuna og tryggja öruggar siglingar milli Snæfellsness og Vestfjarða.

Heilbrigðismál

Efla enn frekar
Bakdeildina í Stykkishólmi

Með tiltölulega litlu fjármagni er hægt að efla Bakdeildina, fjölga starfsfólki og vinna mun hraðar á biðlistum.

- Skapa þar með mikilvægan vinnustað í sveitarfélaginu.

Tækifæri eru til að bæta aðgengi íbúa að heilbrigðisþjónustu og bæta nýtingu sérfræðinga og fagfólks.

Að mati samstarfsnefndar er mikilvægt að heilbrigðismál verði í forgrunni þegar kemur að áherslum gagnvart ríki og þingi.

Fjármál

Fjárhagsleg viðmið sveitarfélaga

Meginreglan um ábyrga fjármálastjórnun

Sveitarstjórn ber að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum.

- Í því felst m.a. að veltufé frá rekstri sveitarfélags standi undir afborgunum lána.

Jafnvægisregla

Sveitarstjórn skal sjá til þess að heildarútgjöld til rekstrar samstæðu séu á þriggja ára tímabili ekki hærri en sem nemur samanlögðum reglulegum tekjum.

Skuldareglan

Sveitarstjórn skal sjá til þess að heildarskuldir og skuldbindingar samstæðu séu ekki hærri en nemur 150% af reglulegum tekjum.

Fjárhagsleg viðmið árin 2020 og 2024

Ársreikningur 2020	Stykkis- hólmsbær	Helga- fellssveit	Sameinað
Meginreglan	✗	✓	✓
Jafnvægisreglan	✓	✓	✓
Skuldareglan	✓	✓	✓

Fjárhagsáætlanir 2024	Stykkis- hólmsbær	Helga- fellssveit	Sameinað
Meginreglan	✓	✓	✓
Jafnvægisreglan	✓	✗	✓
Skuldareglan	✓	✓	✓

Framlög vegna sameiningar eru áætluð 619 m. kr.

	Stykkishólmur	Helgafellssveit	Sameinað
Skuldajöfnunarframlag	400	-	400
Fast framlag	100	100	200
Byggðaframlag	19	-	19
Samtals*	519 m. kr.	100 m. kr.	619 m. kr.

Sameiningarframlög

Sveitarfélög fá framlög greidd úr Jöfnunarsjóði vegna sameiningar.

Með hverju sveitarfélagi fylgja ákveðin framlög sem taka mið af ársreikningi sveitarfélaganna árið fyrir sameiningu.

Framlögin eru greidd út á 7 árum eftir samkomulagi við Jöfnunarsjóð.

Tekju- og útgjaldajöfnunarframlög hækka um 5 m. kr. árlega við sameiningu sveitarfélaganna.

Athugið að framlög taka mið af ársreikningum ársins 2020.

* Framlög miðað við ársreikninga ársins 2020.

Gjaldskrár

- Komi til sameiningar þarf að **samræma** gjaldskrár fasteignagjalda.
- Til þess að sameinað sveitarfélag verði ekki af tekjum við sameiningu mun **álag á atvinnuhúsnæði hækka í Helgafellssveit**.
- Í Helgafellssveit eru 14 eignir í flokki atvinnuhúsnæðis.
- Rétt er að halda því til haga að atvinnuhúsnæði til atvinnurekstur í landbúnaði flokkast undir A-lið.
- Samstarfsnefnd leggur til að sú heimild í tekjustofnalögum til að undanskilja fasteignir í dreifbýli álagi á fasteignaskatta verði nýtt
 - Fasteignaskattar á atvinnuhúsnæði í Helgafellssveit úr 1% í 1,32%.

	Stykkishólmur	Helgafellssveit
Íbúðarhúsnæði	0,42%	0,36%
Atvinnuhúsnæði	1,57%	1,00%
Lóðarleiga		
Íbúðarhúsnæði	0,97%	
Atvinnuhúsnæði	2,00%	
Fráveitugjald		
Íbúðarhúsnæði	0,17%	8.000 kr.
Atvinnuhúsnæði	0,20%	
Sorphirðugjald	53.200 kr.	22.500 / 30.000 kr.

Álit samstarfsnefndar og næstu skref

Álit samstarfsnefndar

- Sveitarfélögin hafa átt í farsælu samstarfi til áratuga og getur sameining þeirra skapað tækifæri til skilvirkari og markvissari stjórnsýslu og þjónustu auk þess sem aðgengi íbúa að þjónustu verði jafnara með áherslu á aukna þjónustu við dreifbýlið.
- Þá eru jafnframt tækifæri til frekari atvinnuþróunar og nýsköpunar enda eru tækifæri til þess að sameiginlegt sveitarfélag geti betur skapað heildstætt og kröftugt umhverfi á öllu svæðinu fyrir öflugt atvinnulíf og aukna samvinnu.
- Vísbendingar eru um að fjárhagur sameinaðs sveitarfélags verði sterkur og fjárfestingageta betri en hjá hvoru sveitarfélagi um sig, en rúmlega 600 milljóna kr. sérstök sameiningarframlög á næstu árum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga skapa aukið svigrúm til fjárfestinga í sameinuðu sveitarfélagi. Þá eru jafnframt vísbendingar um að árleg framlög Jöfnunarsjóðs hækki um 5 m.kr. á ári í sameinuðu sveitarfélagi.
- Samstarfsnefndin leggur til að í stjórnskipulagi sameinaðs sveitarfélags verði nefnd sem fjalli sérstaklega um hagsmuni dreifbýlisins. Fulltrúar í nefndina verði kosnir beinni kosningu af íbúum dreifbýlisins. Á þann hátt verði komið til móts við áhyggjur íbúa í dreifbýli af því að missa áhrif á ákvarðanatöku. Jafnframt leggur samstarfsnefndin til að ný sveitarstjórn leiti leiða til að breytingar á skattheimtu verði ekki mjög íþyngjandi.
- Það er álit nefndarinnar að íbúar sveitarfélaganna skuli fá tækifæri til að kjósa um sameiningu sveitarfélaganna í eitt. Það er jafnframt álit nefndarinnar að sameiningin muni hafa fleiri kosti í för með sér en galla og henni fylgi mörg tækifæri sem annars stæðu sveitarfélögunum ekki til boða.

Ef sameining verður samþykkt

Sveitarstjórnirnar skipa stjórn til undirbúnings nýs sveitarfélags

Undirbúningsstjórn

- semur samþykkt um stjórn og fundarsköp hinnar nýju sveitarstjórnar
- tekur ákvarðanir um fjárhagsmálefni hins nýja sveitarfélags
- undirbýr val á nafni sveitarfélagsins
- hefur vinnu við að endurskoða og samræma reglur
- gerir tillögu til ráðuneytis um fyrirkomulag kosninga til sveitarstjórnar og gildistöku sameiningar

Nýtt sveitarfélag verður til

Kosið verður til nýrrar sveitarstjórnar 14. maí 2022

Ný sveitarstjórn tekur við stjórn sveitarfélags 15 dögum eftir kjördag, þ.e. 29. maí 2022.

Fyrstu verkefni eru:

- að samþykka nýjar reglur og gjaldskrár
- að velja nafn á sveitarfélagið í samráði við íbúa
- ráða lykilstjórnendur
- innleiða nauðsynlegar breytingar

Tillaga að kjörseðli

Kjörseðill vegna atkvæðagreiðslu í Helgafellssveit, laugardaginn 26. mars 2022

Samstarfsnefnd hefur kynnt tillögu um sameiningu Helgafellssveitar og Stykkishólmsbæjar í eitt sveitarfélag.

Samþykkir þú tillögu um sameiningu Helgafellssveitar og Stykkishólmsbæjar?

Þeir sem samþykkja tillöguna setji kross í ferninginn fyrir framan „Já“

Þeir sem samþykkja ekki tillöguna setji kross í ferninginn fyrir framan „Nei“

☐

Já

☐

Nei

Samráð við íbúa

- Fulltrúar í samstarfsnefnd og verkefnisstjóri verða til svara eftir kynningu.
- Hægt er að senda inn spurningar og ábendingar rafrænt, eða biðja um orðið og taka til máls.
- Vinsamlegast farið inn á www.menti.com í símanum ykkar eða í tölvunni og sláið inn kóðann: **1576 0889**
- Hægt er að „líka“ við spurningar sem þykja góðar.
- Algengustu spurningum verður svarað fyrst.

